



UMBOÐSMAÐUR BARNA

Vegagerðin

b.t. Bergþóru Þorkelsdóttur, forstjóra

Reykjavík 31. október 2022

Efni: Loftbrúin og réttur barna til umgengni við foreldra

Umboðsmanni barna hafa borist ábendingar þess efnis að börn sem eiga foreldra með lögheimili utan Reykjavíkur á svokölluðu loftbrúarsvæði njóti ekki jafnræðis við niðurgreiðslu fargjalda vegna umgengni við foreldra sem ekki fara með forsjá þeirra.

Loftbrúin er mikilvægt jöfnunartæki fyrir fólk af landsbyggðinni en veittur er 40% afsláttur af heildarfargjöldum fyrir allt að sex flugleggi á hverju almanaksári. Samkvæmt upplýsingum umboðsmanns barna eiga foreldrar sem búsettir eru á loftbrúarsvæði rétt á niðurgreiðslu fargjalds fyrir barns sem kemur í umgengni, en þó aðeins ef þeir fara með forsjá barnsins.

Samkvæmt framangreindu eiga foreldrar sem eru búsettir á landsbyggðinni og sem eiga börn með lögheimili á höfuðborgarsvæðinu þ.a.l. ekki rétt á umræddri niðurgreiðslu ef þeir fara ekki með forsjá barnanna, jafnvel þó svo að umgengni sé regluleg.

Í barnalögum, nr. 76/2003, er kveðið á um rétt barns til að umgangast með reglubundnum hætti það foreldra sinna sem það býr ekki hjá en auk þess ber foreldri sem barn býr ekki hjá skylda til að rækja umgengni við barn sitt. Í 7. gr. Barnasáttmálans, samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, kemur fram að barn eigi rétt á að þekkja foreldra sína og njóta umönnunar þeirra, en aðildarríkjum sáttmálans ber að grípa til virkra ráðstafana til að tryggja að sá réttur sé virtur.

Eina helstu grundvallarreglu Barnasáttmálans er að finna í 2. gr., en þar segir að öll börn eigi að fá notið þeirra réttinda sem sáttmálinn kveður á um, án mismununar af nokkru tagi, svo sem vegna stöðu foreldra. Samkvæmt framangreindu felur útfærsla afsláttarkjara Loftbrúnnar í sér mismunun tiltekins hóps barna og foreldra þeirra, með þeirri takmörkun sem felst í því að eingöngu er miðað við forsjárskipan barns en ekki umgengni þess við báða foreldra.

Með hliðsjón af öllu framangreindu hvetur umboðsmaður barna Vegagerðina til að taka til endurskoðunar umrætt fyrirkomulag, þannig að markmið þess um að jafna stöðu foreldra sem búsettir eru á landsbyggðinni nái fram að ganga, og að stuðlað sé að því að öll börn fái notið umönnunar og uppeldis beggja foreldra, óháð búsetu.

Virðingarfyllst,

A handwritten signature in blue ink, reading "Guðríður Bolladóttir". The signature is fluid and cursive, with the first name "Guðríður" and the last name "Bolladóttir" clearly distinguishable.

Guðríður Bolladóttir,
settur umboðsmaður barna